

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Álfhólsskóla til aðalfundar

15. maí 2012, í Álfhólsskóla, Hjalla

Á síðasta aðalfundi (maí 2011) voru eftirtaldir kosnir, Karen Jenný Heiðarsdóttir var kosinn formaður foreldrafélagsins til eins árs, aðalmenn voru kosnir Brynhildur Grímsdóttir, Anna María Bjarnadóttir og Sigurður Grétarsson til tveggja ára og Sólveig B. Hlökkversdóttir til eins árs. Varamenn voru kjörnir Anna Þóra Bragadóttir, Kristín Andrea Einarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum sem var haldinn í lok maí 2011. Eftirfarandi skipan var ákveðin: Anna María varaformaður, Sólveig ritari, Brynhildur gjaldkeri og meðstjórnendur Sigurður, Selma Guðmundsdóttir og Særún Sigurjónsdóttir. Anna og Sigurður tóku að sér að vera tengiliðir við yngsta stig, Særún og Selma við miðstig og Sólveig og Karen við elsta stig. Gunnar kom inn í stjórn í febrúar þegar Karen flutti úr landi og Anna María tók þá við sem formaður.

Á aðalfundi var Ragnheiður Bóasdóttir kosin fulltrúi foreldra í skólaráði og Selma Guðmundsdóttir og Svanhildur Ástþórsdóttir sem varamenn en Særún Sigurjónsdóttir sat sitt annað ár.

Stjórn FFÁlfhól hélt 12 stjórnarfundum á árinu og var í heilmiklum tölvupóstsamskiptum þar fyrir utan. Meðal þess sem stjórnin fjallaði um voru starfsreglur nefnda og bekkjarfulltrúa, stefnumótun varðandi ráðstöfun árgjalda og ásamt mörgu öðru (sjá nánar [Fundargerdir](#)). Stjórnin tók fyrsta foreldrarölt haustsins að sér. Þá var stjórnin í góðum samskiptum við allar nefndir á vegum foreldrafélagsins. Stjórnin fundaði tvisvar með skólastjóra Álfhólsskóla og átti ennfremur fulltrúa í skólaráði sem er forsenda fyrir góðu samstarfi við skólastjórnendur.

Stjórnin fundaði með fulltrúa félagsmiðstöðvarinnar Pegasus til að fræðast um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og til að skiptast á skoðunum. Önnur tengsl eða samband hefur ekki verið milli foreldrafélagsins og félagsmiðstöðvarinnar.

Eins og mörg undanfarin ár hefur foreldrafélagið staðið fyrir heilsurækt í Íþróttahúsinu Digranesi. Foreldrar, kennarar og aðrir áhugasamir stunda leikfimi sem er fjölbreytt og skemmtileg, undir stjórn Láru Sveinsdóttur og Eyju Guðrúnar Sigurjónsdóttur íþróttakennara. Lögð er áhersla á þolfimi, palla, þrek- og teygjuæfingar. Er hér um gott samfélagsverkefni að ræða og um leið er þetta góð fjáröflunarleið fyrir foreldrafélagið.

Í byrjun skólaárs keypti foreldrafélagið námsgögn (stílabækur og ritföng) handa 1. bekkjum og mæltist það vel fyrir. Fékkst þó nokkur magnafsláttur sem leiddi til mikils sparnaðar hjá foreldrum. Verður þessi þjónusta aftur í boði næsta haust.

Álfhólsskóli hefur verið leiðandi í að kynna svokallað lestrarhjól sem tæki til aukins lesskilnings hjá börnum. Verkefnið felst m.a. í því að öll börn í 4. – 9. bekk fá sitt eigið leshjól auk þess sem stærrí útgáfa er hengt upp í skólastofum barnanna (sjá nánar [Lestrahjól](#)). Foreldrafélaginu fannst mikið gleðiefni að fá að taka þátt í þessu verkefni og styrkti það með kaupum á leshjólum fyrir alla nemendur í 4. – 9. bekk. Stefna foreldrafélagsins er að halda áfram að styrkja þetta verkefni með því að kaupa ný leshjól fyrir nemendur í 4. bekk.

Fyrsti viðburðurinn sem að foreldrafélagið stóð fyrir var fulltrúaráðsfundur sem var haldinn 10. nóvember í Hjalla. Fulltrúaráðið samanstendur af bekkjarfulltrúum, stjórn foreldrafélagsins og fulltrúum foreldra í skólaráði. Farið var yfir hlutverk bekkjarfulltrúa,

bekkjarmöppur afhentar fyrir alla bekki og innihald þeirra kynnt fyrir viðstöddum. Þá var fundarmönnum skipt upp í hópa eftir stigum og látnir vinna hópverkefni. Að lokum var farið yfir starfsáætlun stjórnar og nefndir kynntar til sögunnar.

Tvenns konar nefndir er skilgreindar innan FFÁlfhól, annars vegar viðburðanefndir og hins vegar starfsnefndir, eins og nafn þessara hópa gefur til kynna sjá viðburðanefndir FFÁlfhól um viðburði á vegum félagsins en starfsnefndir um starf á vegum FFÁlfhól. Í framhaldinu var svo útbúið eyðublað fyrir viðburðanefndir til að skila inn að loknum viðburðum en starfsreglur voru samdar fyrir starfsnefndir.

Viðburðanefndir á vegum FFÁlfhól:

- Laufabrauðsnefnd
- Páskabingónefnd
- Vorhátíðanefnd

Starfsnefndir:

- Fréttabréfsnefnd
- Öryggisnefnd
- Röltnefnd
- Heilsuræktarnefnd

Þess ber að geta að fréttabréfsnefndin er ný nefnd á vegum FFÁlfhól. Stjórn foreldrafélagsins telur ákaflega mikilvægt að gefið sé út fréttabréf á vegum foreldrafélagsins með fréttum af starfsemi félagsins og fagnar útkomu nýjasta tölublaðs sem var sérstaklega vel úr garði gert.

15. nóvember keypti foreldrafélagið veitingar vegna kynningarfundar fyrir foreldra 8. bekkjar. Áform eru uppi um að halda líka kynningarfund fyrir foreldra 5. bekkjar þar sem þau börn eru að flytjast á milli stiga (yfir á miðstig).

Næsta verkefni foreldrafélagsins var að standa fyrir laufabrauðsdegi í Hjalla þann 26. nóvember. Þar var skorið út laufabrauð, auk þess sem boðið var upp á jólaföndur og gátu þeir sem þátt tóku í hátíðinni keypt sér kakó og vöfflur af 9. bekkingum. Foreldrafélagið styrkti ferðasjóð 9. bekkinga með því að kaupa kakó og vöfflur fyrir Skólahljómsveit Kópavogs sem sá um tónlistarflutning og 1. bekkinga sem að sungu nokkur vel valin jólalög fyrir viðstadda.

28. febrúar var haldinn fulltrúaráðsfundur. Kynnt var verkefnið „vinafjölskyldur í Vesturbæ“ auk þess sem farið var yfir foreldrasamninginn. Stjórn foreldrafélagsins hefur óskað eftir því að bekkjarfulltrúar kynni foreldrasamninginn fyrir foreldrum næsta haust og fái sem flesta foreldra til að skrifa undir hann. Stjórn foreldrafélagsins hefur ennfremur mikinn áhuga á að innleiða vinafjölskylduverkefnið í Alfhólsskóla, sérstaklega í ljósi þess hve stór hluti nemenda er af erlendu bergi brotin. Verkefnið gengur út á að börn og foreldrar taki þátt í aðlögun sem er gagnkvæmt ferli á milli íslensku fjölskyldunnar og þeirrar erlendu. Markmiðið er að auðvelda börnum og fjölskyldum þeirra að vera sjálfbjarga og auka þannig möguleika þeirra á að vera virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Enn hefur hins vegar ekki tekist að finna umsjónarmann með verkefninu og hvetur stjórn alla áhugasama að hafa samband við einhvern úr stjórninni.

Á öskudaginn greiddi foreldrafélagið nammi fyrir börn á yngsta- og miðstigi og snakk fyrir börn á elsta stigi. Að öðru leyti sá skólinn alfarið um viðburði þess dags.

Páskabingó var haldið 24. mars í Digranesi og var góð þátttaka og nóg af páskaeggjum í boði. 10. bekkur var með kökusölu vegna fjáröflunar fyrir útskriftarferð árgangsins.

Til stóð að árshátíðin yrði haldin í samvinnu við foreldrafélagið en þar sem árshátíðar liðinna ára hafa nánast verið á vegum félagsmiðstöðvarinnar er spurning hvort að það sé nokkur þörf fyrir árshátíðarnefnd á vegum foreldrafélagsins.

Vorhátíðin verður haldin með pompi og prakt á skólatíma 4. júní nk. í samvinnu foreldrafélagsins og skólans. Vorhátíðarnefnd mun senda út auglýsingu þegar nær dregur.

Á vordögum varð Álfhólsskóli Íslandsmeistari barnaskólasveita í skák. Með sigrinum vann sveitin sér rétt til þátttöku á Norðurlandamóti barnaskólasveita sem fer fram í haust, styrkir foreldrafélagið þessa frábæru krakka til ferðarinnar.

Stjórnin vill nýta þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem komu að starfi vetrarins með einum eða öðrum hætti, sem og embættismönnum nefnda foreldrafélagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Er það þakklát en glöð stjórn sem lætur af störfum eftir viðburðaríkt ár. Framundan er spennandi starfsár, foreldrar tökum virkan þátt í foreldrastarfinu!